

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, mánudaginn 28. júní 2010, í máli nr. S-285/2010:

Ákærvaldið

(Óli Ásgeir Hermannsson ftr.)

gegn

Fanneyju Jensdóttur

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 21. maí sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum, útgefinni 24. mars 2010, á hendur Fanneyju Jensdóttur, kt. 280390-2839, Faxabraut 75, Reykjanesbæ,

“I. (008-2009-11769)

Fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 22. október 2009, ekið bifreiðinni SI358, undir áhrifum ávana- og fíkniefna (Tetrahydrókannabínól í blóði 28 ng/ml) suður Hringbraut í Reykjanesbæ.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006, sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

II. (008-2010-253)

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa þann 7. janúar 2010 á Hjallavegi 3i, í Reykjanesbæ, haft í vörslum sínum 18,94 gr. af kókaíni, 8,47 gr. af hassi og 1,33 gr. af tóbaksblönduðu kannabisefni er hún faldi undir stól sem hún sat á og lögregla fann við húsleit á Hjallavegi 3i í Reykjanesbæ þar sem hún var gestkomandi.

Telst háttsemi þessi varða við 2., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þess er einnig krafist að ákærða verði dæmd til sviptingar ökuréttar, skv. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, 4. gr. laga nr. 57/1997 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Þá er þess krafist að ákærða verði dæmd til að sæta upptöku á 18,94 gr. af kókaíni, 8,47 gr. af hassi og 1,33 gr. af tóbaksblönduðu kannabisefni, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. lag anr. 65/1974, sbr. lög nr. 10/1997 og 68/2001, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglug. nr. 233/2001.”

Af hálfu ákærðu er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og málsvarnarlauna að mati dómsins.

II.

Ákæruliður I.

Ákærða játaði brot sitt samkvæmt I. ákærulið skýlaust fyrir dóminum eins og því er lýst í ákæru. Er um málavaxtalýsingu hvað þennan ákærulið varðar vísað til ákæru.

Ákæruliður II.

Í frumskýrslu lögreglu, sem dagsett er 13. janúar 2010, segir að tilkynning hafi borist lögreglu um að á Hjallavegi 3i væri fikniefnasamkvæmi í gangi, eins og það er orðað í skýrslunni. Lögreglumenn hafi farið á vettvang og séð í gegnum glugga að áhöld til fikniefnaneyslu voru á stofuborði. Lögreglumenn hafi knúið dyra og til dyranna hafi komið Sveinn Sveinsson. Hafi lögreglumenn gengið rակleitt inn í íbúðina og þar hafi verið í stofunni ákærða, Einar Sædal Svavarsson og Elís Guðmundur Ásvaldsson. Elís hafi haldið á kannabisvindlingi og reynt að losa sig við pakkningar af maríjúana með því að leggja þær frá sér við vinstri hlið sófans sem hann hafi setið í. Elís hafi viðurkennt að vera eigandi þeirra fikniefna. Tilkynnt hafi verið að þau væru öll handtekin og húsráðandi, Sveinn Sveinsson, hafi undirritað húisleitarheimild. Engin fikniefni hafi fundist á sakborningum en við fætur Einars, þar sem hann hafi setið í sófanum, hafi fundist poki sem innihaldið hafi maríjúana og hafi hann viðurkennt að vera eigandi þeirra fikniefna. Við fætur ákærðu hafi fundist poki sem innihaldið hafi tvær kúlur með hvítu dufti og 10 búta af hassi. Búið hafi verið að ýta efnunum undir stólinn sem ákærða sat í. Aðspurð á vettvangi hafi ákærða sagst eiga fikniefnin en í sérstakri framburðarskýrslu hafi hún sagst hafa verið að geyma efnin fyrir vin sinn. Komið hafi verið með fikniefnahund á vettvang en engin frekari fikniefni hafi fundist við þá leit. Í skýrslunni segir að ákærða og Einar hafi verið færð í fangaklefa í skamma stund á meðan á rannsókn á vettvangi stóð yfir.

Framburðarskýrsla ákærðu ber yfirskriftina “vettvangsskýrsla vegna fikniefnamisferlis” og er á stöðluðu formi, þ.e. spurningar eru forprentaðar og svörin handrituð inn á skýrsluna. Þar er eftir ákærðu haft að efnið í pokanum, sem fundist hafi hjá henni, sé ekki hennar eign, en hún vilji ekki tjá sig um það hver eigandi efnisins sé. Þá segir að hún sé ekki viss um hvaða efni þetta sé og ekki hafa hugmynd um hversu mikið magn sé um að ræða. Við spurningunni: “Hvar fékkst þú efnið?” er bókað eftirfarandi svar ákærðu: “Var að geyma þetta fyrir vin minn.” Við spurningunni: “Hvar geymdir þú efnið?” er bókað eftirfarandi svar ákærðu: “Á sófaborðinu og setti það svo undir stólinn.”

Í sams konar framburðarskýrslu Elís Guðmundar sagðist hann hafa átt um 22 g af maríjúana og sagðist hann hafa fundið efnið úti. Hann sagðist hafa haldið á efninu og látið það falla við hliðina á sófanum.

Í framburðarskýrslu Einars Sædal sagðist hann hafa sett poka með kannabis á gólfíð þegar lögregla kom, en það hafi fundist og hann verið handtekinn. Sagðist hann eiga þetta efni, sem væri 7 g af kannabis. Hann sagðist hafa geymt efnið á borðinu.

Ákærða neitaði sök fyrir dóminum að því er varðar II. lið ákæru. Hún sagði að lögreglan hefði ruðst inn í íbúðina í greint sinn án viðvörunar. Við leit í íbúðinni hefði lögreglan fundið fíkniefni undir stólum, sem hún hafði setið í. Sagðist hún hafa tekið þessi fíkniefni af borðinu þegar lögreglan kom inn og hent þeim undir stólinn. Sagðist hún hafa gert þetta í fljótfærni og hafa haldið að kærastinn sinn, Einar Sædal, ætti þessi fíkniefni. Enginn hefði viðurkennt að eiga fíkniefnin og sagðist hún hafa haldið að hún væri að gera kærastanum sínum greiða með því að segjast eiga þessi fíkniefni, en hið rétta væri að Elís Guðmundur hefði átt efnin. Aðspurð sagðist hún hafa verið undir áhrifum kannabisefna í umrætt sinn. Hún sagði að auk hennar hefðu Einar Sædal, Elís Guðmundur og Sveinn verið í íbúðinni. Þau hefðu setið í sófa og stól við stofuborð í stofunni og sjálf hefði hún setið í stólum. Ákærða staðfesti að rétt væri eftir henni haft í framburðarskýrslu hjá lögreglu, en ekki væri hins vegar rétt að hún hefði verið að geyma efnin fyrir vin sinn.

Einar Sædal Svavarsson kaus að gefa skýrslu fyrir dóminum sem vitni, en hann sagðist vera í sambúð með ákærðu. Hann sagði að lögreglan hefði ruðst inn í íbúðina með látum í greint sinn og tilkynnt að þau væru öll handtekin. Einhver fíkniefni hefðu fundist við leit í íbúðinni og sagðist hann hafa átt hluta af þeim, þ.e. efnin sem fundist hefðu við fætur hans. Sagðist hann hafa setið í sófanum og verið með um 7 g af kannabisefnum í höndunum þegar lögreglan kom inn, en þá hefði hann sett þau á gólfíð. Þessi efni hefðu fundist á gólfinu við hliðina á honum. Aðspurður sagðist hann hafa setið í sófanum og ákærða við hliðina á honum á sófastól. Hann sagðist ekki hafa séð hvað ákærða gerði þegar lögreglan kom inn. Þegar lögreglan hefði komið inn hefðu tóbaksblöndur verið á borðinu. Fyrir um kvöldið sagðist hann einnig hafa séð kókaín og fleiri efni á borðinu og sagðist hann hafa vitað af þeim í húsinu. Ákærða hefði tjáð honum síðar að hún hefði tekið þessi fíkniefni og sett þau undir stól þegar lögregla kom inn. Sjálfur hefði hann ekki orðið vitni að því. Sagðist hann halda að ákærða hefði ætlað að vernda hann með því að fela fíkniefnin. Hann sagði að Elís Guðmundur hefði átt öll fíkniefnin sem fundist hefðu við fætur ákærðu, þ.e. 18,94 g af kókaíni, 8,47 g af hassi og 1,33 g af tóbaksblönduðu kannabisefni. Sagðist hann vera búinn að ljúka sínu máli með sektargreiðslu.

Elís Guðmundur Ásvaldsson gaf skýrslu fyrir dóminum. Hann sagðist neyta kannabisefna daglega með smáhléum. Hann sagðist muna vel eftir atvikum máls þessa. Hann sagði að bankað hefði verið á dynnar og tveir menn komið inn í íbúðina. Einar Sædal hefði verið handtekinn og farið með hann á lögreglustöð. Síðar hefðu hann og ákærða einnig verið færð á lögreglustöð. Þá hefði verið leitað í íbúðinni, m.a. með fíkniefnahundi.

Aðspurður sagðist hann hafa setið í sófanum við hliðina á Einari Sædal þegar lögreglan kom og verið með kannabisefni í höndunum. Sagðist hann einnig hafa átt kannabisefni og kókaín, sem fundist hefðu undir stólnum sem ákærða sat í. Sagðist hann hafa sett efnin þar löngu áður en lögreglan kom og sagðist hann ekki vita hvort ákærða vissi af þeim undir stólnum. Hann sagði að ákærða hefði sest í stólinn eftir að hann setti fikniefnin undir stólinn. Ekki væri rétt að ákærða hefði sjálf sett fikniefnin undir stólinn. Þegar honum var kynnt að ákærða hefði borið um það hafa sett þessi fikniefni undir stólinn sagði hann að sig minnti að hann hefði sett fikniefnin undir stólnum þar sem þetta hefðu verið efni frá honum. Hann sagði að ákærða væri vinkona sín.

Sveinn Sveinsson gaf einnig skýrslu fyrir dóminum. Hann sagði að ákærða væri vinkona sín og kærasta vinar síns, Einars Sædal. Hann sagði að lögreglan hefði bankað og síðan ruðst inn í íbúðina. Þá hefði lögreglan skipað honum að undirrita húisleitarheimild. Þeir hefðu síðar komið með fikniefnahund til að leita í búðinni. Í íbúðinni hefði verið eitthvað af fikniefnum, s.s. möllu, grasi og kókaíni. Auk hans hefðu ákærða, Einar og Elís verið í íbúðinni og öll verið að reykja fikniefni. Þau hefðu setið í sófa og stól við stofuborð í stofunni. Sjálfur hefði hann setið í tveggja manna sófa, Einar næst honum í stóra sófanum, við hliðina á honum hefði Elís setið og síðan ákærða í stólnum. Hann sagði að fikniefni hefðu fundist undir stólnum, sem ákærði sat í. Aðspurður sagðist hann ekki hafa séð hana meðhöndla þessi fikniefni, sem hefðu verið í eigu Elís. Elís hefði komið með þessi fikniefni og verið að sýna þeim þau. Hann hefði síðan gengið frá efnunum en sagðist ekki hafa séð hvar hann setti þau. Hann sagðist fyrst hafa séð efnin undir stól þegar lögreglan fann þau og sagðist ekki vita hver setti þau þar.

Halldór Sigurbergur Sveinsson lögreglumaður sagði að lögreglan hefði fengið tilkynningu um fikniefnaneyslu að Hjallavegi í Reykjanesbæ í umrætt sinn. Þegar þeir hefðu komið á vettvang hefðu þeir séð hasslón í gegnum glugga á íbúðinni. Þeir hefðu bankað upp á og Sveinn komið til dyra. Þeir hefðu gert honum grein fyrir hvers vegna þeir væru þarna og síðan gengið inn í íbúðina. Þar hefðu verið auk húsráðanda, ákærða, kærasti hennar Einar og þá Elís. Þau hefðu öll verið handtekin. Elís hefði haldið á kannabisvindlingi og reynt að losa sig við einhver efni við hliðina á sófanum. Sófinn hefði verið beint á móti þeim þegar þeir komu inn og hefði Elís setið hægra megin í honum, en Einar Sædal vinstra megin. Vinstra megin við sófann hefði ákærða setið í sófastól. Hægra megin við sófann hefði verið tveggja sæta sófi, sem enginn hefði setið í. Næst hefðu fundist efni við fætur Einars og þá undir sófastólnum sem ákærða sat í. Öll hefðu þau gengist við því að eiga þessi efni. Hann sagði að sig minnti þó að í framburðarskýrslu hefði ákærða dregið þann framburð til baka og sagst hafa verið að geyma efnin fyrir vin sinn.

Marteinn Jóhannes Sigurðsson lögreglumaður gaf einnig skýrslu fyrir dóminum og skýrði frá á sama veg og lögreglumaðurinn Halldór Sigurbergur.

III.

Niðurstaða

Ákæruliður I.

Með játningu ákærðu sem á sér stoð í gögnum málsins þykir sannað að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem ákært er fyrir í I. lið ákæru og er brot ákærðu rétt heimfært til refsíákvæða í ákærunni.

Ákæruliður II.

Eins og fram hefur komið fundust 18,94 g af kókaíni, 8,47 g af hassi og 1,33 g af tóbaksblönduðu kannabisefni undir stól, sem ákærða sat í þegar lögregla kom inn í íbúðina í greint sinn. Viðurkenndi ákærða á vettvangi að eiga fíkniefnin, en í framburðarskýrslu sem var tekin á lögreglustöð nokkru síðar sagðist hún hafa verið að geyma efnin fyrir vin sinn, sem hún vildi ekki segja hver væri. Engir aðrir, sem voru í íbúðinni í greint sinn, viðurkenndu að eiga þessi fíkniefni eða að hafa verið með þau í vörslum sínum, hvorki á vettvangi né í framburðarskýrslu á lögreglustöð.

Hér fyrir dómi sagðist ákærða hafa tekið umrædd fíkniefni af sófaborðinu þegar lögregla kom inn í íbúðina og hent þeim undir stólinn, sem hún sat í. Sagðist hún hafa gert þetta í fljótfærni þar sem hún hefði haldið að kærasti sinn, Einar Sædal, ætti fíkniefnin, en eigandi þeirra hefði hins vegar verið Elís Guðmundur. Fær þessi framburður ákærðu nokkurn stuðning í framburði vitnisins Einars Sædal hér fyrir dómi og samrýmist einnig framburði ákærðu hjá lögreglu. Framburður vitnisins Elís Guðmundar samræmist hins vegar ekki framburði ákærðu. Framburður þess vitnis er óstöðugur og þykir ótrúverðugur.

Með hliðsjón af því að umrædd fíkniefni fundust undir sófastólnum, sem ákærða sat í þegar lögregla kom inn og með því að ákærða hefur viðurkennt að hafa tekið áðurgreind fíkniefni af sófaborðinu og hent þeim undir stólinn sem hún sat í þegar lögregla kom í því skyni að fela þau fyrir lögreglu verður að telja að efnin hafi verið í vörslum hennar í greint sinn í skilningi 2. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Breytir það ekki niðurstöðu þessari þótt vitni hafi borið um að hún hafi ekki verið eigandi efnanna. Er ákærða því sakfelld fyrir háttsemi þá er greinir í ákærulið II og þykir háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærða, sem er fædd árið 1990, hefur ekki áður gerst sek um refsiverða háttsemi. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Með hliðsjón af ungum aldri ákærðu og því að hún hefur ekki áður gerst brotleg þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærða almennt skilorðs 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða er svipt ökurétti í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber að fallast á upptökukröfu ákæruvaldsins og eru gerð upptæk 18,94 g af kókaíni, 8,47 g af hassi og 1,33 g af tóbaksblönduðu kannabisefni.

Loks er ákærðu gert að greiða 289.218 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 188.250 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómara.

Dómsorð:

Ákærða, Fanney Jensdóttir, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða er svipt ökurétti í 12 mánuði frá birtingu dómsins.

Upptæk eru gerð 18,94 g af kókaíni, 8,47 g af hassi og 1,33 g af tóbaksblönduðu kannabisefni.

Ákærða greiði 289.218 krónur sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hrl., 188.250 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir

Rétt endurrit staðfestir.

Héraðsdómi Reykjaness 28.06.2010.